Tíu sækja um stöðu fræðslustjóra

Tíu sóttu um stöðu fræðslustjóra í Austurlandskjördæmi, en staðan var auglýst þann 6. apríl s.l. með umsóknarfresti til 1. maí. Samkvæmt frétt frá menntamálaráðuneytinu eru umsækjendur þessir: Björn Eiríksson, talkennari, Reykjavík, Elín Óskarsdóttir, kennari, Reyðarfirði, Elín Sigurðardóttir, kennari, Húsavík, Guðmundur Magnússon, skólastjóri, Reykjavík, Hermann Guðmundsson, skólastjóri, Vopnafirði. Jón Ingi Einarsson, skólastjóri, Vík í Mýrdal. Einar Rafn Haraldsson, kennari, Egilsstöðum, Kristinn Þ. Einarsson, skólastjóri, Sigurður H. Þorsteinsson, skólastjóri, Hvammstanga, Þórður Kr. Jóhannsson, kennari Hafnarfirði.

Bókmenntakynning á Héraðsvöku

SÍÐUSTU þættir Héraðsvöku fóru fram í Valaskjálf laugardagskvöldið 30. apríl og sunnudaginn 1. maí. Húsfyllir var á laugardag á sveitarkynningu Skriðdælinga og dagskrá þeirra fjölbreytt. Á sunnudag sá Sigurður Ó. Pálsson skólastjóri um bókmenntakynningu. Kynnt voru verk látinna alþýðuskálda á Héraði eftir 1850, 24 kvenna og karla alls.

Lesarar, auk Sigurðar, voru Jónbjörg Eyjólfsdóttir og Ármann Halldórsson. Félagar úr Tónkórnum fluttu lög við ljóð þeirra, þrjár stúlkur úr Eiðaskóla sungu lög við ljóð Jörgens E. Kérúlf og Arndís Þorvaldsdóttir fluttu ljóð eftir Sigfús Guttormsson undir kvæðalagi.

Bókmenntakynningin var vel sótt og flytjendum klappað lof í lófa. Í vökulok afhenti Þorsteinn Sigurðsson héraðslæknir viðurkenningu fhrir snyrtimennsku og fegrun húsa. Hana hlaut Laufás í Hjaltastaðarþinghá, var það fagurlega útskorin fánastöng úr birki, gerð af Halldóri Sigurðssyni frá Miðhúsum. Stöngin mun verða farandgripur, en einnig var veitt skrautritað skjal, er viðtakendur halda eftir.

Að lokum voru gestir kvaddir og vökunni slitið.


Formaður Menningarsamtaka Héraðsbúa er Þuríður Skeggjadóttir í Geitagerði í Fljótsdal.

Þriðja hefti Samstöðu komið út

HV-Reykjavík. — Fyrir fáeinum dögum kom út þriðja hefti tímaritsins Samstaða, sem gefið er út af Víetnamnefndinni á Íslandi. Tímarit þetta er gefið út sem liður í baráttu gegn heimsvaldastefnu, fyrir þjóðfrelsi og sósíalisma, eins og segir í leiðara þess, en ritstjóri og ábyrgðarmaður er Þröstur Haraldsson, blaðamaður.

Meðal efnis tímaritsins ber hæst greinar um Rómönsku Ameríku, þ.e. yfirlitsgrein, og greinar um Argentínu og Brasilíu, svo og greinar um Afríku, það er um Zaire, Angólu, Azaníu og Nígeríu.

Meðal greinahöfunda eru Tómas Einarsson, Ævar Kjartansson, Örn Jónsson, Eiríkur Guðjónsson og Örn Ólafsson.



Listasafn Íslands heitir þessi mynd.

KJARVALSSÝNINGIN

Síðan í vetur hefur staðið yfir á Kjarvalsstöðum sýning á verkum Jóhannesar Kjarvals, og mun hún standa fram á haust. Sýningin er í austursal hússins, en hann er sérstaklega ætlaður til sýninga á verkum meistarans sem kunnugt er, þótt stundum sé salurinn notaður til annars, einkum þegar um stórsýningar er að ræða í húsinu, eins og t.d. norræna vefjalistin og fl.

Myndir í einkaeign

Eins og flestum er kunnugt, þá á Reykjavíkurborg stórt safn mynda eftir Jóhannes Kjarval. Sumt hafði borgin keypt af málaranum, en eitt síðasta verk þessa gjafmilda manns var að gefa borginni svo til allar sínar myndir eftir sinn dag, sem er ómetanlegt safn stórra mynda og smárra.

Á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru þó aðeins tvær af myndum borgarinnar, hitt er fengið að láni hjá einstaklingum og stofnunun sem sýnt hafa þá fórnfýsi að vera án þessara mynda í hálft ár, eða lengur.

Jóhannes Kjarval var einn stórbrotnasti listamaður þjóðarinnar og málaði ógrynni málverka og mynda. Sýningin sem nú stendur spannar ekki nein ákveðin tímabil í list meistarans, né heldur er hún heill þverskurður, eða úrtak af lífsverkinu, en þó sýnir hún hinar ýmsu hliðar á listsköpun hans. Elzta myndin er frá árinu 1917, en sú yngsta frá árinu 1968, en það ár fór Kjarval á sjúkrahús og átti þaðan ekki afturkvæmt.

Það voru þeir Jóhannes Jóhannesson, listmálari, Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða og Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari, sem völdu þessar myndir, en allir eru þeir vanir sýningamenn og kunnugir listaverkum Kjarvals á einn eða annan hátt. Þeir hafa gengið hús úr húsi og falazt eftir myndum, og hefur þeim félögum greinilega verið vel tekið. Sumir einstaklingar eiga söfn af myndum Kjarvals, aðrir aðeins eina mynd. En allt um það þótt engum sögum fari af því að nefndinni hafi verið neitað um mynd, þá verður ekki annað sagt en að eftirtekjan hafi verið góð, því að þarna eru margar myndir hreinasta afbragð. Þarna eru fallegar myndir, líka ljótar myndir, en fyrst og fremst eru þær kjarvalskar og hafa í sér þann guðsneista, sem gefur listinni gildi.

Áhrifamesta myndin þótti mér vera Haust (115x276) No. 11, sem er í eigu Frímúrarareglunnar á Íslandi, annað eins veðurfar hefur maður ekki fyrr séð í einni mynd. Hún er bullandi af lífi, og það er svo sannarlega vetur í náND.

Þau lánuðu myndir.

Það væri að æra óstöðugan að fara að telja upp allar þessar myndir og fara um þær orðum. Sýningum verður ekki komið til skila á blöðum, þær verða menn að fara og sjá. Til þess er leikurinn gerður, en eftirtaldir aðilar hafa lánað verk sín og standa með auða veggi á meðan:

Kristján Jónsson, Sigrún Ragnarsdóttir, Þorvaldur Guðmundsson, Alfreð Guðmundsson Guðmundur Jónsson, Jóhann Friðriksson, Frímúrarareglan á Íslandi, Guðrún Þórðardóttir, Sverrir Sigurðsson, Ingólfur Jónsson, Seðlabanki Íslands, Perla Kolka, Sveinn Benediktsson, Ólafur B. Thors, Þórhallur Þorlaksson, Nanna Ágústsdóttir, Haukur Ragnarsson, Alfreð Eliasson, Steingrímur Hermannsson, Forseti Íslands, Kristján Eldjárn, Jón Þorsteinsson, Torfi Hjartarson, Sigurjóna Jakobsdóttir, Magnús E. Baldvinsson og Reykjavíkurborg.

Þessi nöfn eru okkur kunn, velflest og eru það ýmist nánir vinir Kjarvals, sem þarna standa að verki, eða afkomendur þeirra, er handgengir voru meistara Kjarval.

Vandi fylgir vegsemd hverri.

Reykjavíkurborg axlaði talsverða ábyrgð með því að taka við stórgjöf Kjarvals. Höfuðborgin ber ábyrgð á því að koma meistara Kjarval á framfæri við nýjar kynslóðir, auk annars. Þetta verður einna bezt gert með því að sýna myndir, láta meistarann tala fyrir sig sjáfan.

Þó verður það að segjast eins og er, að það er tæplega nóg. Kjarval var margt annað en málari, hann var þjóðsagnapersóna, skáld, rithöfundur, kritiker og manneskja. Málverkið er aðeins einn þáttur þessa máls, — að vísu sá merkasti, en hinir mega þó ekki alveg gleymast.


Í sýningarskrá fyrir þessa sýningu boðar borgarstjórinn, að ritun á sögu Kjarvals sé í undirbúningi. Nú hefur Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur tekið það verk að sér, og er það mikill fengur, að jafn reyndur sagnahöfundur og blaðamaður skuli hafa tekið sér þetta verk fyrir hendur, því þegar sú bók kemur er fyrst von til að unnt sé að kynna þennan merkilega listamann rækilega fyrir þeim, sem þekktu hann ekki nema af þessum dásamlegu myndum sem hann gerði.

Sýningin á Kjarvalsstöðum er opin frá kl. 16.00—22.00 alla daga nema mánudaga, og eru menn hvattir til þess að láta hana ekki fram hjá sér fara, því ár og dagar geta liðið þar til þær koma aftur á opinbera sýningu, ef þær þá gera það nokkurn tíma aftur.

Jónas Guðmundsson.



fólk í listum



Sýningarnefndin, sem fór hús úr húsi til þess að fá lánaðar myndir á sýninguna. Nefndin mun hafa skoðað hundruð mynda hjá tugum einstaklinga og stofnana.

Á myndinni eru Jóhannes Jóhannesson, listmálari, Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða og Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari.